



Alþingi
Erindi nr. P 137/1457
komudagur 17.5.2011

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2011


Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1307 – 755. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint lagafrumvarp til umsagnar. Svo sem í athugasemdum með frumvarpinu greinir, eru fyrirhugaðar breytingar fyrst og fremst gerðar í hagræðingar og samræmingarskyni.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu því hér er meðal annars verið að bæta úr ósamræmi sem verið hefur milli laga um útlendinga, nr. 96/2002, og laga um ríkisborgararétt. Verði frumvarpið að lögum mun mun á ný staða útlendinga, sem á íslenskan maka og hefur búið með honum hér á landi og haft dvalarleyfi samfelt í þrjú ár eftir giftingu, verða sem áður var. Það er að segja, einstaklingur í þessari stöðu getur sótt um og fengið íslenskan ríkisborgararétt eftir þrjú ár með dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar og samfellda dvöl hér á landi, að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

Enn fremur er fagnað nokkurri rýmkum á skilyrði 9. gr. laganna er tekur til sekta, fangelsisrefsinga eða ólokinn mála umsækjenda um ríkisborgararétt í refsivörslukerfi. Samkvæmt frumvarpinu fresta sektir undir kr. 50.000 nú ekki veitingu ríkisborgararéttar (fresta veitingu um 1 ár skv. núgildandi lögum um ríkisborgararétt) ásamt því sem heimild ráðherra til að veita ríkisborgararétt, þegar umsækjandi hefur sætt sektarrefsingu, er aukin. Þannig er með frumvarpinu lagt til, að ef umsækjandi hafi einungis sætt sektarrefsingum og samanlögð fjárhæð sekta er lægri en 101.000 kr., megi veita honum ríkisborgararétt ef aðrar upplýsingar um umsækjandann mæli ekki gegn því. Þessu ber að fagna og styður Mannréttindaskrifstofan slíka breytingu heils hugar því skrifstofunni er kunnugt um marga umsækjendur, sem fengið hafa fleiri en eina sekt vegna smávægilegra umferðarlagabrota, er þurft hafa að óska undanþágu frá Alþingi, þó að þeir að öðru leyti uppfylli skilyrði laga um íslenskan ríkisborgararétt og hafi í alla staði reynst nýtir samfélagsþegar.

Til viðbótar við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu og Mannréttindaskrifstofa Íslands styður, eins og áður greinir, vill skrifstofan vekja athygli á mismunandi stöðu umsækjenda um íslenskan ríkisborgararétt hvað varðar próf í íslensku. Til skrifstofunnar hafa borist erindi er lúta aðallega að því að ólæsir einstaklingar eru nánast sjálfkrafa útilokaðir frá því að standast prófið. Hér er jafnt átt við þá sem ólæsir eru á eigið tungumál og þá sem ólæsir eru á latneskt letur. Enn fremur



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

hefur uppruna viðkomandi og skyldleika móðurmáls hans við germönsk mál úrslitaáhrif á hvernig til tekst að tileinka sér íslensku.

Framangreint samræmist skýrslu Námsmatsstofnunar um niðurstöður í íslenskuprófum fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt. Á sínum tíma, er fyrir lá frumvarp til laga um breytingu á lögum um ríkisborgararétt, voru gerðar athugasemdir varðandi íslenskuprófin, þ.e. að þeim sem standa höllum fæti, s.s. ólæsum, fötluðum, eldri umsækjendum og þeim sem koma frá frábrugðnum málsvæðum, yrði tryggð íslenskukennsla og þjálfun við hæfi. Sem dæmi má nefna sérstök námskeið fyrir ólæsa.

Þess skal og getið að bent hefur verið á gagnsemi fræðslu um íslenskt samtímasamfélag, lagaumhverfi, réttindi og skyldur, að minnsta kosti til jafns við íslenskunám.

Með vísan til þess er að ofan greinir, hvetur Mannréttindaskrifstofa Íslands til að ofangreind sjónarmið verði tekin til skoðunar jafnhliða þeim breytingum á lögum um ríkisborgarétt sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri